

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (GóJ, ÁMöl, PHB, GÖrl, JónK).

1. Við 1. gr.
  - a. Í stað b- og c-liðar 2. efnismgr. komi einn liður, svohljóðandi: Tekjur elli- og örorku- lífeyrisþega af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. Lífeyrisþegi getur valið að hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur lífeyrisþegans, sbr. 1. másl., hafa 75% vægi og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi.
  - b. Á eftir 10. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að ósk lífeyrisþega, að dreifa eigin tekjum lífeyrisþegans sem stafa af fjármagnstekjum og séreignarsparnaði sem leystur hefur verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftár en einu sinni á hverju tímabili.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

3. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Um uppbótina gilda ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 2. másl. 4. mgr., 12. gr. um búsetutíma og örorkumat og 5. mgr. 12. gr.
3. Í stað orðanna: „Við 2. mgr. bætist“ í b-lið 9. gr. komi: Við 1. másl. 2. mgr. bætist.
4. Við 12. gr.
  - a. Ákvæði til bráðabirgða 22 falli brott.
  - b. Ákvæði til bráðabirgða 23 orðist svo: Í ákvæðum 3. másl. b-liðar og d-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna skulu hlutföllin 75% og 25% vera 65% og 35% á árinu 2007.
  - c. Ákvæði til bráðabirgða 24 orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 2. mgr. 10. gr. laganna skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans hafa 20% vægi við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar á árinu 2007.
5. Við 16. gr.
  - a. Í stað orðanna „Til tekna skv. II. kafla“ í 1. másl. 1. mgr. komi: Til tekna skv. V. kafla.
  - b. B-liður 1. mgr. orðist svo: Tekjur vistmanns af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21., sbr. 22. gr. Vistmaður getur valið að hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning vistunarframlags. Ef um hjón er að ræða skulu atvinnutekjur vistmannsins, sbr. 1. másl., hafa 75% vægi og atvinnutekjur maka hafa 25% vægi.
6. Við 17. gr.
  - a. A-liður (I.) falli brott.

b. B-liður (II.) orðist svo:

Í 3. másl. b-liðar og d-lið 1. mgr. 26. gr. laganna skulu hlutföllin 75% og 25% vera 65% og 35% á árinu 2007.

c. C-liður (III.) orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. 26. gr. laganna skulu lífeyrisgreiðslur vistmanns hafa 80% vægi og lífeyrisgreiðslur makans 20% vægi við útreikning á fjárhæð vistunarframlags á árinu 2007.